

Ú R S K U R Ð U R

Héraðsdóms Reykjavíkur föstudaginn 11. febrúar 2011 í máli nr. X-43/2010:

Solihull Metropolitan Borough Council

(Ólafur Eiríksson hrl.)

gegn

Glitni banka hf.,

(Steinunn Guðbjartsdóttir hrl.)

Bayerische Landesbank,

Baupost Group Securities LLC,

Bremer Landesbank,

Caixa Geral de Depósitos,

Commerzbank AG,

DekaBank Deutsche Girozentrale,

Deutsche Postbank International S.A.,

Deutsche Hypothekenbank AG,

DZ Bank AG,

Erste Group Bank AG,

HSH Nordbank AG,

Kfw Bankengruppe,

Landesbank Berlin AG,

Landesbank Baden-Württemberg,

Landesbank Saar, Luxembourg Branch,

Natixis,

Raiffeisenverband Salzburg,

Raiffeisen Zentralbank Österreich AG,
Sparkasse Fürstenfeldbruck,
Sparkasse Pforzheim Calw,
Sumitomo Mitsui Banking Corporation Europe Ltd.

(Kári Hólm Ragnarsson hdl.)

ACMO Sarl,

Bank Hapoalim B.M.,

Berkshire Life Insurance Company of America,

Black Diamond Arbitrage Offshore Ltd.,

Black Diamond Offshore Ltd.,

Burlington Loan Management Limited,

Centerbridge Credit Partners Master LP,

Centerbridge Credit Partners LP,

Centerbridge Special Credit Partners LP,

Conseq Invest plc,

Crescent 1, L.P.,

CRS Fund Ltd.,

CVI GVF (Lux) Master Sarl,

Cyrus Opportunities Master Fund II Ltd.,

Cyrus Select Opportunities Fund Ltd.,

Double Black Diamond Offshore Ltd.,

Eton Park Fund L.P.,

Eton Park Master Fund LP,

FBC S.a.r.l.,

Fortelus Special Situations Master Fund Ltd.,

FPFO Corporates Ltd.,
GLG European Distressed Fund,
GLG Market Neutral Fund,
GRF Master Fund LP,
Guardian Life Insurance Company of America,
HSBC Bank Australia Limited Sidney,
ING Life Insurance and Annuity Company (SA),
ING USA Annuity and Life Insurance Company,
Leonardo LP,
Longacre Capital Partners (QP) Ltd.,
Longacre Master Fund II, LP,
Longacre Master Fund Ltd.,
Longacre Opportunity Fund, LP,
Lyxor Asset Management,
Lyxor Third Point Fund Ltd.,
National Bank of Egypt (UK) Limited,
Octavian Advisors LP,
Octavian Special Master Fund LP,
Ohio National Life Assurance Corporation,
Pacific Life Assurance Company,
PCI Fund LLC,
Perry Partners International Inc.,
Perry Partners, LP,
Ramius Enterprise Master Fund Ltd.,
RCG PB Ltd.,

ReliaStar Life Insurance Company,
Security Life of Denver Life Insurance Company,
Silver Point Luxembourg Platform Sarl,
The City of Edmonton,
The Guardian Insurance and Annuity Company, Inc,
Third Point Offshore Master Fund LP,
Third Point Partners LP,
Third Point Partners Qualified LP,
Third Point Ultra Master Fund LP,
Tiberius OC Fund, Ltd.,
Varde Investment Partners LP,
WGZ Bank Ireland plc,
WGZ Bank Luxembourg og
Woldwide Transactions Limited.

(Ragnar Aðalsteinsson hrl.)

I

Mál þetta var þingfest 23. júní 2010 og tekið til úrskurðar 1. febrúar 2011 um kröfu sóknaraðila um að kröfum annarra varnaraðila en Glitnis banka hf. verði vísað frá dómi. Sóknaraðili er Solihull Metropolitan Borough Council, Englandi. Varnaraðilar eru Glitnir banki hf. Sóltúni 26, Reykjavík og eftirtaldir erlendingar aðilar sem hér eftir verða, til einföldunar og þegar það á við, kallaðir Bayerische Landesbank o.fl.: Bayerische Landesbank, Baupost Group Securities LLC, Bremer Landesbank, Caixa Geral de Depósitos, Commerzbank AG, DekaBank Deutsche Girozentrale, Deutsche Postbank International S.A., Deutche Hypothekenbank AG, DZ Bank AG, Erste Group Bank AG, HSH Nordbank AG, Kfw Bankengruppe, Landesbank Berlin AG, Landesbank Baden-Württemberg, Landesbank Saar, Luxembourg Branch, Natixis, Raiffeisenverband Salzburg, Raiffeisen Zentralbank Österreich AG, Sparkasse Fürstentfeldbruck, Sparkasse Pforzheim Calw, Sumitomo Mitsui Banking Corporation Europe Ltd. og eftirtaldir erlendingar aðilar sem hér eftir verða, til einföldunar og þegar það á við, kallaðir ACMO Sarl o.fl.: ACMO Sarl, Bank Hapoalim, Berkshire Life Insurance Company of America, Black Diamond Arbitrage Offshore Ltd., Black Diamond Offshore Ltd., Burlington Loan

Management Limited, Centerbridge Credit Partners Master LP, Centerbridge Credit Partners, LP, Centerbridge Special Credit Partners, LP, Conseq Invest plc, Crescent 1, L.P., CRS Fund Ltd., CVI GVF (Lux) Master Sarl, Cyrus Opportunities Master Fund II Ltd, Cyrus Select Opportunities Fund Ltd, Double Black Diamond Offshore Ltd, Eton Park Fund L.P., Eton Park Master Fund LP, FBC S.a.r.l., Fortelus Special Situations Master Fund Ltd, FPFO Corporates Ltd, GLG European Distressed Fund, GLG Market Neutral Fund, GRF Master Fund LP, Guardian Life Insurance Company of America, HSBC Bank Australia Limited Sydney, ING Life Insurance and Annuity Company (SA), ING USA Annuity and Life Insurance Company, Leonardo LP, Longacre Capital Partners (QP) Ltd, Longacre Master Fund II, LP, Longacre Master Fund Ltd, Longacre Opportunity Fund, LP, Lyxor Asset Management, Lyxor Third Point Fund Ltd., National Bank of Egypt (UK) Limited, Octavian Advisors LP, Octavian Special Master Fund LP, Ohio National Life Assurance Corporation, Pacific Life Assurance Company, PCI Fund LLC, Perry Partners International Inc., Perry Partners, LP, Ramius Enterprise Master Fund Ltd, RCG PB Ltd, ReliaStar Life Insurance Company, Security Life of Denver Life Insurance Company, Silver Point Luxembourg Platform Sarl, The City of Edmonton, The Guardian Insurance and Annuity Company, Inc, Third Point Offshore Master Fund LP, Third Point Partners LP, Third Point Partners Qualified LP, Third Point Ultra Master Fund LP, Tiberius OC Fund, Ltd., Varde Investment Partners LP, WGZ Bank Ireland plc, WGZ Bank Luxembourg og Worldwide Transactions Limited.

Dómkröfur sóknaraðila eru:

Aðalkrafa

- a) Að krafa sóknaraðila á hendur Glitni banka hf. að fjárhæð 1.000.000 sterlingspunda með 6,29% sammingsvöxtum frá 7. desember 2007 til og með 4. desember 2008, samtals að fjárhæð 1.062.727,67 sterlingspund, verði samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

- b) Að krafa sóknaraðila um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 5. desember 2008 til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 101.716,14 sterlingspund, verði staðfest sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, en verði ekki fallist á það er þess til vara krafist hvað þennan lið varðar að krafa um 8% vanskilavexti fyrir sama tímabil í samræmi við 17. kafla enskra réttarfarslaga (e. English Judgements Act 1838), samtals að fjárhæð 32.377 sterlingspund, verði staðfest sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002. Verði ekki á það fallist er til þrautavara hvað þennan lið varðar gerð krafa um 6,29% sammingsvexti fyrir sama tímabil, samtals að fjárhæð 25.465 sterlingspund, verði staðfest sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, en verði ekki fallist á það er þess til þrautþrautavara krafist hvað þennan lið varðar að vextir að álitum fyrir sama tímabil verði staðfestir sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr.

161/2002.

c) Að krafa sóknaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 478,51 sterlingspund auk virðisaukaskatts, verði samþykkt sem forgangskrafa samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002.

Varakrafa

a) Að krafa sóknaraðila á hendur Glitni banka hf. að fjárhæð 1.000.000 sterlingspunda með 6,29% sammingsvöxtum frá 7. desember 2007 til og með 4. desember 2008, samtals að fjárhæð 1.062.727,67 sterlingspund, verði samþykkt sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

b) Að krafa sóknaraðila um dráttarvexti samkvæmt 1. mgr. 6. gr. laga nr. 38/2001, frá 5. desember 2008 til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 101.716,14 sterlingspund, verði staðfest sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991, en verði ekki fallist á það er þess til vara krafist hvað þennan lið varðar að krafa um 8% vanskilavexti fyrir sama tímabil í samræmi við 17. kafla enskra réttarfarslaga (e. English Judgments Act 1838), samtals að fjárhæð 32.377 sterlingspund, verði staðfest sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991. Verði ekki fallist á það er þess til þrautavara krafist hvað þennan lið varðar að krafa um 6,29% sammingsvexti fyrir sama tímabil, samtals að fjárhæð 25.456,00 sterlingspund, verði staðfest sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991, en verði ekki fallist á það er þess til þrautþrautavara krafist hvað þennan lið varðar að vextir að álitum fyrir sama tímabil verði staðfestir sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

c) Að krafa sóknaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 478,51 sterlingspund auk virðisaukaskatts, verði samþykkt sem almenn krafa samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991.

Þá er þess krafist bæði í aðal- og varakröfu að varnaraðilum verði in solidum gert að greiða sóknaraðila málskostnað auk virðisaukaskatts.

Dómkröfur varnaraðila, Glitnis banka hf., eru þær aðallega að krafa sóknaraðila nr. CL20091121-1849 í kröfuskra að lýstri fjárhæð 1.164.922.32 sterlingspund, sem umreiknast í kröfuskra í fjárhæð 222.593.357 krónur, verði hafnað sem forgangskröfu samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 3.

mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002, við slitameðferð varnaraðila, Glitnis banka hf., og að staðfest verði sú afstaða slitastjórnar að samþykkja höfuðstól kröfunnar að fjárhæð 1.000.000 sterlingspunda, sem umreiknast í kröfuskra í 191.080.000 krónur, sem almenna kröfu samkvæmt 113. gr. laga nr. 21/1991, auk samningsvaxta frá gildisdegi 7. desember 2007 til 22. apríl 2009 að fjárhæð 16.559.417 krónur. Þá er þess krafist að kröfu sóknaraðila um áfallinn kostnað til og með 22. apríl 2009, samtals að fjárhæð 2.294,42 sterlingspund sem umreiknast í 438.418 krónur vegna ofangreindrar kröfu auk virðisaukaskatts, verði hafnað.

Til vara gerir varnaraðili, Glitnir banki hf., þá kröfu að ef fallist verði á að hluti ofangreindra krafna sóknaraðila njóti forgangs samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991, sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2001, skuli sú fjárhæð vera að hámarki 20.887 evrur sem umreiknast í 3.534.707 krónur miðað við gengi gjaldmiðilsins 22. apríl 2009.

Í öllum tilvikum krefst varnaraðili, Glitnir banki hf., þess að sóknaraðila verði gert að greiða honum málskostnað auk virðisaukaskatts.

Varnaraðilar aðrir en Glitnir banki hf. taka undir aðalkröfu varnaraðila, Glitnis banka hf., um að staðfest verði sú afstaða slitastjórnar að viðurkenna höfuðstól kröfu sóknaraðila sem almenna kröfu. Þá hafna þeir kröfum um áfallinn kostnað og vaxtakröfum sóknaraðila. Þá taka þeir einnig undir varkröfu varnaraðila, Glitnis banka hf. auk þess sem varnaraðilarnir Bayerische Landesbank o.fl. gera kröfur um að hafnað verði kröfum um vexti og kostnað en varnaraðilarnir ACMO Sarl o.fl. gera kröfur um að hafnað verði að kröfur um vexti og kostnað teljist til forgangskrafna. Til þrautavara krefjast varnaraðilar, aðrir en Glitnir banki hf., þess að vextir sem fallið hafi á kröfuna eftir 3. október 2008 njóti forgangs.

II

Málavextir eru þeir helstir að 7. júní 2007 gerðu sóknaraðili og varnaraðili, Glitnir banki hf., með sér samning um svokallað heildsölulán að fjárhæð 1.000.000 sterlingspunda. Hinn 7. desember 2007 lagði sóknaraðili nefnda fjárhæð inn á reikning hjá National Westminster Bank Plc í samræmi við samkomulag aðila. Samkvæmt samkomulaginu átti varnaraðili, Glitnir banki hf., síðan að greiða sóknaraðila umrædda fjárhæð ásamt 6,29% ársvöxtum inn á reikning Barclays Bank hinn 5. desember 2008. Kom ekki til greiðslunnar þar sem varnaraðili, Glitnir banki hf., var þá kominn í greiðslustöðvun en hinn 7. október 2008 ákvað fjármálaeftirlitið með heimild samkvæmt 100. gr. a laga um fjármálafyrirtæki nr. 161/2002, sbr. 5. gr. laga nr. 125/2008 um heimild til fjárveitingar úr ríkissjóði vegna sérstakra aðstæðna á fjármálamarkaði o.fl., að taka yfir vald hluthafafundar

varnaraðila, Glitnis banka hf., og skipa honum skilanevnd. Varnaraðila, Glitni banka hf., var veitt heimild til greiðslustöðvunar 24. nóvember 2008 sem standa átti til 13. febrúar 2009. Var greiðslustöðvunin framlengd hinn 19. febrúar 2009 til 13. nóvember 2009. Áður en sá tími var á enda, hinn 12. maí 2009, var varnaraðila, Glitni banka hf., skipuð slitastjórn samkvæmt ákvæðum 4. tl. ákvæðis II til bráðabirgða í lögum nr. 44/2009 um breyting á lögum nr. 161/2002 um fjármála fyrirtæki.

Slitastjórn varnaraðila, Glitnis banka hf., gaf út innköllun til skuldheimtumanna sem birtist fyrra sinni í Lögbirtingablaði 26. maí 2009 og rann kröfulýsingarfrestur út sex mánuðum síðar eða 26. nóvember 2009. Frestdagur við slitameðferðina er 15. nóvember 2008 og upphafsdagur slitameðferðar er 22. apríl 2009.

Á kröfulýsingartímabilinu lýsti sóknaraðili kröfu CL20091121-1849, sem er til komin vegna áðurgreindra viðskipta sóknaraðila og varnaraðila, Glitnis banka hf. Var gerð krafa um höfuðstól að fjárhæð 1.000.000 sterlingspunda auk samningsvaxta vegna samningstímabilsins til gjalddaga að fjárhæð 62.727,67 sterlingspund. Þá var gerð krafa um dráttarvexti að fjárhæð 101.716,14 sterlingspund fyrir tímabilið frá gjalddaga til 22. apríl 2009. Auk þess var gerð krafa um greiðslu kostnaðar sem féll á kröfuna fyrir 22. apríl 2009 að fjárhæð 478,51 sterlingspund og kostnaðar sem fallið hefur á kröfuna eftir 22. apríl 2009 að fjárhæð 1.250 sterlingspund.

Hvað höfuðstól kröfunnar varðar sem og kröfu um vexti og kostnað sem til féll fyrir 22. apríl 2009 var krafist rétt hæðar samkvæmt 1. mgr. 112. gr. laga nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl., sbr. 3. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 um fjármálafyrirtæki, en hvað vexti og kostnað, sem til féll eftir 22. apríl 2009, varðar var hins vegar vísað til rétt hæðar samkvæmt 114. gr. laganna.

Slitastjórn varnaraðila, Glitnis banka hf., féllst ekki á kröfuna sem forgangskröfu en það var skoðun slitastjórnarinnar að gerningurinn hefði öll einkenni lánsamnings en ekki innláns. Var fallist á að höfuðstóll kröfunnar væri almenn krafa í búið og var hún samþykkt sem slík en ekki var fallist á kröfur um vexti þar sem ekki lægju fyrir gögn sem staðfestu útreikning þeirra.

Með bréfi, dagsettu 14. desember 2009, mótmælti sóknaraðili afstöðu slitastjórnar um rétt hæð kröfunnar. Á skiptafundi sem slitastjórn varnaraðila, Glitnis banka hf., hélt 17. desember 2009 var fjallað um ágreining vegna afstöðu til kröfunnar og var boðað til ágreiningsfundar 4. mars 2010 þar sem sérstaklega var fjallað um kröfuna. Sóknaraðili hélt fast við mótmæli sín og tókst ekki að jafna ágreininginn. Með bréfi slitastjórnar varnaraðila, Glitnis banka hf., 22. mars 2010, sem barst

dóminum 31. mars 2010, var krafist úrlausnar dómsins um ágreininginn með vísan til 171. gr., sbr. 2. mgr. 120. gr. laga nr. 21/1991. Varnaraðilarnir Bayerische Landesbank o.fl. og ACMO Sarl o.fl., sem mótmælt höfðu kröfu sóknaraðila, fóru þess á leit að slitastjórnin tilkynnti héraðsdómi um kröfu þeirra um að eiga aðild að ágreiningsmálinu og var svo gert. Þegar málið barst héraðsdómi var aðild að málinu ákveðin af dómara með hliðsjón af kröfugerð aðila, sbr. 3. mgr. 171. gr. laga nr. 21/199.

Við þingfestingu málsins hinn 23. júní 2010 komu fram athugasemdir af hálfu sóknaraðila varðandi aðild málsins þar sem hann taldi að varnaraðilar aðrir en Glitnir banki hf., ættu að vera sóknaraðilar málsins. Því var mótmælt af hálfu annarra aðila en Glitnis banka hf. sem lét þann ágreining ekki til sín taka. Í þinghaldi 25. júní 2010 tók dómari þá ákvörðun að miðað við kröfugerð aðila málsins væru ekki efni til að breyta því hvernig aðild væri háttað í málinu og því væru Bayerische Landesbank o.fl. og ACMO Sarl o.fl. varnaraðilar ásamt Glitni banka hf.

Í kjölfar framangreindrar ákvörðunar voru greinargerðir aðila lagðar fram og í gang fór umfangsmikil gagnaöflun og var málinu ítrekað frestað af þessum sökum meðal annars vegna þess að verið var að láta þýða skjöl yfir á íslensku.

Í þinghaldi 13. janúar 2011 vakti dómari athygli lögmanna aðila á dómi Hæstaréttar Íslands sem kveðinn var upp 7. janúar 2011 í máli nr. 638/2010 með tilliti til þess hvort hann gæti skipt máli varðandi aðild annarra varnaraðila en Glitnis banka hf. í máli þessu. Var ákveðið að fresta málinu til 1. febrúar 2011 til að gefa lögmönnum kost á að kynna sér dóminn.

Í fyrirtöku málsins hinn 1. febrúar 2011 var bókað að eftirtaldir varnaraðilar féllu frá aðild að málinu: Baupost Group Securities LLC, Caixa Geral de Depósitos, Deutsche Hypothekenbank AG, DZ Bank AG, HSH Nordbank AG, KfW Bankengruppe, Landesbank Berlin AG, Natixis, Raiffeisenverband Salzburg, Raiffeisen Zentralbank Österreich AG og Sumitomo Mitsui Banking Corporation Europe Limited.

Í þinghaldinu 1. febrúar 2011 krafðist sóknaraðili þess að kröfum annarra varnaraðila en Glitnis banka hf. yrði vísað frá dómi og þeim, og öðrum varnaraðilum sem féllu frá aðild að málinu hinn 1. febrúar 2011, yrði gert að greiða sóknaraðila málskostnað í þessum þætti málsins. Var kröfunum mótmælt af hálfu annarra varnaraðila en Glitnis banka hf. sem lét ágreininginn ekki til sín taka. Var það mat dómara í ljósi umfangs málsins og með hliðsjón af 1. mgr. og 2. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, að rétt væri að leysa úr þeim ágreiningi

áður en málið yrði tekið til efnismeðferðar. Í kjölfarið fór fram munnlegur málflutningur um það álitaefni hvort vísa ætti kröfum annarra varnaraðila en Glitnis banka hf. frá dómi og er einungis sá þáttur málsins hér til úrlausnar. Dómkröfur varnaraðila, annarra en Glitnis banka hf., í þessum þætti málsins eru að frávísunarkröfu sóknaraðila verði hafnað og að honum verði gert að greiða varnaraðilum málskostnað.

III

Í máli þessu snýst meginágreiningur aðila um það hvort kröfu sóknaraðila skuli flokka sem forgangskröfu við slitameðferð varnaraðila, Glitnis banka hf., á þeim grunni að hún sé innstæða en slitastjórn varnaraðila, Glitnis banka hf., hafnaði því að krafa sóknaraðila væri forgangskrafa einkum vegna þess að krafa sóknaraðila og viðskiptin að baki henni hefði öll einkenni lánasamnings eða verðbréfs en ekki innláns. Var höfuðstóll kröfunnar viðurkenndur sem almenn krafa en kröfum um vexti og kostnað hafnað vegna óskýrleika. Slitastjórn varnaraðila, Glitnis banki hf., hefur nú við meðferð málsins viðurkennt vaxtakröfu sóknaraðila á grundvelli samnings aðila frá 7. desember 2007 til 22. apríl 2009 sem almenna kröfu eins og höfuðstól kröfunnar.

Varnaraðilarnir, Bayerische Landesbank o.fl. og ACMO Sarl o.fl., hafa tekið undir þá afstöðu varnaraðilans Glitnis banka hf. að hafna því að krafa sóknaraðila njóti forgangs og byggja þeir meðal annars á því að 6. gr. laga nr. 125/2008 sem gert hafi innstæður að forgangskröfum sé í andstöðu við stjórnarskrá, mannréttindasáttmála Evrópu og samning um evrópska efnahagssvæðið.

Hvað snertir það álitaefni sem uppi er í þessum þætti málsins byggir sóknaraðili á því að varnaraðilarnir Bayerische Landesbank o.fl. og ACMO Sarl o.fl. séu sammála afstöðu slitastjórnar varnaraðila, Glitnis banka hf., varðandi kröfu sóknaraðila, en reyni á sama tíma að bæta nýjum röksemdum við rök slitastjórnar fyrir ákvörðun sinni. Kveði hvorki lög nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. né lög nr. 91/1991 um meðferð einkamála á um að kröfuhafar geti átt aðild að dómsmálum þegar þeir mótmæli ekki ákvörðun slitastjórnar heldur bæti einungis við nýjum rökum til stuðnings ákvörðuninni. Þá hafi slitastjórnir sjálfðæmi samkvæmt gjaldþrotaskiptalögum um hvernig þær rökstyðji ákvarðanir sínar.

Varnaraðilar aðrir en Glitnis banki hf. byggja á því að krafa sóknaraðila um frávísun sé of seint fram komin auk þess sem engar réttarfarslegar heimildir séu til þess að taka kröfu þessa til greina. Þá vísa þeir til þess að reglur um meðalgöngu í einkamálum séu til þess gerðar að auðvelda þriðja manni að koma að sjónarmiðum sínum í dómsmáli milli annarra aðila. Þá sé réttur til aðgangs að dómstólum og aðildar að dómsmálum varinn í 70. gr. stjórnarskrárinnar, 6. og 13. gr. mannréttinda sáttmála Evrópu, 14. gr. alþjóðasamnings um borgaraleg og stjórnsmálaleg réttindi og 47. gr. réttindaskrá Evrópusambandsins.

IV

Eins og áður greinir snýst ágreiningur í þessum þætti málsins um aðild annarra varnaraðila en Glitnis banka hf. að ágreiningsmáli þessu. Í greinargerð sóknaraðila er bent á það að hvorki sé í lögum nr. 91/1991 um meðferð einkamála né í lögum nr. 21/1991 um gjaldþrotaskipti o.fl. kveðið á um að kröfuhafar geti átt aðild að dómsmálum þegar þeir mótmæli ekki afstöðu slitastjórna. Í þessu máli séu umdeildir varnaraðilar sammála afstöðu slitastjórnar varnaraðila, Glitnis banka hf., en með öðrum rökum og mótmælir sóknaraðili þeim viðbótarrökum. Sóknaraðili gerði hins vegar ekki kröfu um að kröfum varnaraðila annarra en Glitnis banka hf. væri vísað frá dómi fyrr en eftir að dómur var kveðinn upp í Hæstarétti Íslands 7. janúar 2010 í máli nr. 638/2010 sem sóknaraðili telur að sé skýrt fordæmi sem eigi við í þessu máli.

Eins og fram er komið þótti dómara, einkum með hliðsjón af umfangi máls þessa og umfangsmikilli gagnaöflun, ekki síst af hálfu varnaraðila annarra en Glitnis banka hf., rétt að vekja athygli aðila á því, í kjölfar uppkvaðningar fyrirnefnds dóms Hæstaréttar, hvort varnaraðilar aðrir en Glitnis banki hf. ættu með réttu að eiga aðild að máli þessu. Þegar litið er til skyldu dómara til að kanna það af sjálfsdáðum hvort þeir gallar kunni að vera á máli sem varðað geti frávísun þess og þess að krafa kom fram af hálfu sóknaraðila um að kröfum umræddra varnaraðila yrði vísað frá dómi, var það mat dómara að rétt væri að leysa úr því álitaefni áður en málið yrði tekið til efnismeðferðar, sbr. 1. mgr. 100. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála, sbr. og til hliðsjónar 2. mgr. ákvæðisins. Verður því ekki fallist á að krafa um frávísun hafi komið of seint fram eða að réttarfarslegar heimildir skorti fyrir þessari málsmeðferð.

Samkvæmt 4. mgr. 102. gr. laga nr. 161/2002 gilda ákvæði XVIII. kafla og 5. þáttar laga nr. 21/1991 um meðferð krafna á hendur fjármálafyrirtæki við slit þess. Samkvæmt 119. gr. laga nr. 21/1991 skal slitastjórn gera skrá um lýstar kröfur að loknum kröfulýsingarfresti og taka þar afstöðu til þess hvernig viðurkenna skuli hverja kröfu um sig. Í 1. mgr. 120. gr. laganna segir að kröfuhafa, sem ekki vill una afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar kröfu sinnar, sé heimilt að bera fram mótmæli gegn afstöðu slitastjórnarinnar á skiptafundi sem haldinn er til að fjalla um lýstar kröfur. Með sama hætti er kröfuhafa rétt að mótmæla afstöðu slitastjórnar til viðurkenningar kröfu sem annar kröfuhafi hefur gert, hafi niðurstaða um hana áhrif við skiptin á hagsmuni þess sem hefur uppi mótmælin.

Eins og rakið hefur verið lýsti sóknaraðili máls þessa kröfu sinni sem forgangskröfu samkvæmt 112. gr. laga nr. 21/1991 við slitameðferð varnaraðila, Glitnis banka hf. Tók slitastjórnin þá afstöðu til kröfunnar í kröfuskra að hafna henni sem forgangskröfu en viðurkenna höfuðstól hennar sem almenna kröfu og var sóknaraðili því heimilt að andmæla þeirri afstöðu og stuðla þannig að því að ágreiningi um viðurkenningu kröfu sinnar yrði beint til úrlausnar dómsins

samkvæmt 171. gr. laga nr. 21/1991. Varnaraðilar aðrir en Glitnir banki hf. mótmæltu því að krafa sóknaraðila væri flokkuð sem forgangskrafa og samsinntu þar með afstöðu slitastjórnar varnaraðila Glitnis banka hf. til kröfu sóknaraðila. Þegar af þeirri ástæðu geta þeir ekki látið ágreining sóknaraðila og varnaraðila, Glitnis banka hf., til sín taka á grundvelli 1. mgr. 120. gr. og 171. gr. laga nr. 21/1991, sbr. dóma Hæstaréttar 10. desember 2009 í máli nr. 663/2009 og 7. janúar 2010 í máli nr. 638/2010.

Varnaraðilar aðrir en Glitnir banki hf. vísa til þess að reglur um meðalgöngu í einkamálum séu til þess gerðar að auðvelda þriðja manni að koma að sjónarmiðum sínum í dómsmáli milli annarra aðila. Samkvæmt 2. mgr. 178. gr. laga nr. 21/1991 gilda almennar reglur laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála við meðferð máls sem rekið er til að fá leyst úr ágreiningi um viðurkenningu á kröfu við gjaldþrotaskipti. Á þessum grunni getur þriðji maður samkvæmt 20. gr. laga nr. 91/1991 krafist þess að ganga inn í mál af þessum toga annaðhvort til að fá sakarefnið dæmt sér eða dómur verði annars felldur þannig að réttur hans verði verndaður. Í máli þessu krefjast varnaraðilar aðrir en Glitnir banki hf. ekki að þeim verði dæmt sakarefnið í þessum skilningi heldur taka þeir undir kröfur varnaraðila, Glitnis banka hf., að meginstefnu til með öðrum málsástæðum. Þannig er málatalibúnaður þeirra reistur á fjölmörgum málsástæðum sem þeir telja að færa megi fram til stuðnings því að kröfu sóknaraðila verði ekki skipað í röð forgangskrafna sem varnaraðili, Glitnir banki hf., hefur ekki byggt á. Meðalganga samkvæmt 20. gr. laga nr. 91/1991 veitir ekki þriðja manni heimild til að bera fram málsástæðu til stuðnings kröfu annars upphaflegs málsaðilans sem sá vill ekki sjálfur halda fram, sbr. fyrrgreinda dóma Hæstaréttar í málum 663/2009 og 638/2010.

Að öllu því virtu sem nú hefur verið rakið hafa varnaraðilar aðrir en Glitnir banki hf. ekki sýnt fram á að þeir hafi lögvarða hagsmuni af því að eiga aðild að máli þessu og verður kröfum þeirra því vísað frá dómi. Með þeirri niðurstöðu er ekki girt fyrir aðgang varnaraðila annarra en Glitnis banka hf. að dómstólum enda er sá réttur tryggður öllum þeim sem lögvarinna hagsmuna hafa að gæta í 70. gr. stjórnarskrár og 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu.

Eftir þessari niðurstöðu þykir eftir atvikum rétt að varnaraðilum, öðrum en Glitni banka hf. og þeim sem féllu frá aðild í þinghaldi málsins 1. febrúar 2011, verði sameiginlega gert að greiða sóknaraðila málskostnað, sem þykir hæfilega ákveðinn 500.000 krónur, þar með talinn virðisaukaskattur.

Af hálfu sóknaraðila flutti málið Ólafur Eiríksson hrl. Af hálfu varnaraðilanna Bayerische Landesbank o.fl. flutti málið Kári Hólm Ragnarsson hdl. en af hálfu varnaraðilanna ACOMO Sarl o.fl. flutti málið Ragnar Aðalsteinsson hrl.

Greta Baldursdóttir héraðsdómari kveður upp úrskurðinn.

ÚRSKURÐARORÐ

Kröfum varnaraðila, Bayerische Landesbank, Bremer Landesbank, Commerzbank AG, DekaBank Deutsche Girozentrale, Deutsche Postbank International S.A., Erste Group Bank AG, Landesbank Baden-Württemberg, Landesbank Saar, Luxembourg Branch, Sparkasse Fürstentfeldbruck, Sparkasse Pforzheim Calw, ACOMO Sarl, Bank Hapoalim B.M., Berkshire Life Insurance Company of America, Black Diamond Arbitrage Offshore Ltd., Black Diamond Offshore Ltd., Burlington Loan Management Limited, Centerbridge Credit Partners Master LP, Centerbridge Credit Partners, LP, Centerbridge Special Credit Partners LP, Conseq Invest plc, Crescent 1 L.P., CRS Fund Ltd., CVI GVF (Lux) Master Sarl, Cyrus Opportunities Master Fund II Ltd., Cyrus Select Opportunities Fund Ltd., Double Black Diamond Offshore Ltd., Eton Park Fund L.P., Eton Park Master Fund LP, FBC S.a.r.l., Fortelus Special Situations Master Fund Ltd., FPFO Corporates Ltd., GLG European Distressed Fund, GLG Market Neutral Fund, GRF Master Fund LP, Guardian Life Insurance Company of America, HSBC Bank Australia Limited Sydney, ING Life Insurance and Annuity Company (SA), ING USA Annuity and Life Insurance Company, Leonardo LP, Longacre Capital Partners (QP) Ltd., Longacre Master Fund II LP, Longacre Master Fund Ltd., Longacre Opportunity Fund, LP, Lyxor Asset Management, Lyxor Third Point Fund Ltd., National Bank of Egypt (UK) Limited, Octavian Advisors LP, Octavian Special Master Fund LP, Ohio National Life Assurance Corporation, PCI Fund LLC, Perry Partners International Inc., Perry Partners, LP, Ramius Enterprise Master Fund Ltd., RCG PB Ltd., ReliaStar Life Insurance Company, Security Life of Denver Life Insurance Company, Silver Point Luxembourg Platform Sarl, The City of Edmonton, The Guardian Insurance and Annuity Company, Inc, Third Point Offshore Master Fund LP, Third Point Partners LP, Third Point Partners Qualified LP, Third Point Ultra Master Fund LP, Tiberius OC Fund, Ltd., Varde Investment Partners LP, WGZ Bank Ireland plc, WGZ Bank Luxembourg og Worldwide Transactions Limited, í máli þessu er vísað frá dómi.

Framangreindir varnaraðilar greiði sóknaraðila, Solihull Metropolitan Borough Council, óskipt 500.000 krónur í málskostnað.

Greta Baldursdóttir

